

Fundargerð 81. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 1. september 2015 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Sævar Skaptason og Guðjón Bragason
Frá FMS: Björn Jóhannsson og Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir

Fundargerð:**1. Kortagrunnur kynning**

Hrafnhildur kynnti Kortlagningu auðlinda ferðaþjónustunnar Stjórn óskar eftir því að staðir sem Framkvæmdasjóðurinn hefur styrkt verði merktir sérstaklega í grunninn sem sér þekja. Björn sendir erindi á ferðamálastjóra.

2. Guðjón vekur athygli á Skipulagsdegi 17. september hjá Skipulagsstofnun.**3. Tekinn fyrir tölvupóstur frá Ólafi H. Jónssyni fyrir hönd Landeigandafélags Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi dagsett 25. júlí 2015 varðandi 380 milljóna króna aukafjárveitingu ráðherra 2014. Stjórnin óskar eftir því að Helena verði beðin um að útbúa svar og Birni falið að ræða við hana. Guðjón býður fram aðstoð sína við verkið.****4. Rætt um næstu styrkúthlutun, ákveðið að auglýsa í helgarblöðum 19. – 20. september. Farið yfir stöðu verkefna. Stjórn sammála um að loka þurfi málum frá 2012 og 2013 fyrir næstu áramót. Birni falið að hafa samband við aðila í síma og láta vita að áætlað sé að afturkalla og/eða fella niður styrki sem ekki hafa verið nýttir eða ekki hefur verið skilað tilhlýðilegum upplýsingum um. Ræða þarf orðalag bréfs við Helenu. Sjá athugasemdir stjórnar við einstaka úthlutanir í vinnuskjali. Gögn eru komin frá Rangárþingi eystra varðandi stöðu verkefna á þeirra vegum.****5. Birni falið að taka saman upplýsingar fyrir næsta fund um stöðu verkefna sem styrkt hafa verið á vegum Minjastofnunar, Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðar frá upphafi.****6. Birni falið að lista upp mál sem þurfa sérstaka skoðun fyrir næsta fund, m.a. þar sem hugsanlega þarf að gera tillögu til ráðherra um niðurfellingu á mótfram lagi.**

Næsti fundur verður haldinn 21. september.

Fundi slitið kl. 10:15

Fundargerð rituðu Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir og Björn Jóhannsson

The image shows four handwritten signatures in blue ink. From top to bottom: 1) 'Albina Thordarson' in a cursive script; 2) 'Guðjón Bragason' in a stylized script; 3) 'Anna G. Sverrisdóttir' in a cursive script; 4) 'Sævar Skaptason' in a cursive script. The signatures are all in blue ink on a white background.